

Haldin í Kelduhvammi 13

Mættir eru, Bjarni, Kristín, Gunnar, Sigurður, Hafþór, Björn, Stefán, Ómar.

Framhaldsfundur frá 3.2.2020, vegna þess að mæting var ekki nægjanleg þá.

- Fundur settur. Kl.20.15.

Síðast hittust Ómar Siggí og Kristín og spjölluðu smá.

-Vatnaskógur hefur verið ákveðin vegna Landsmóts. 400.000kr verður okkar gjald og við sjáum um að rukka tjaldsvæði.

-Steðjanúmer, stjórn hefur ákveðið að hækka gjald fyrir númeraplötur úr 15.000kr á sett í 20.000kr á settið. 30.000kr er gjaldið fyrir utanfélagsmenn. Þetta tekur gildi 1.mars.

-Allir sammála um að taka 17.júní, byrja í Hafnarfirði, og enda á Þjóminjasafni.

-Hafþór ætlar að sjá um Fjölskyldu og húsdýragarð, heimsókn þangað.

-Hugmynd um að búa til sérstakt kort fyrir Ævifélaga, sem gildir til dánardags. Þar að segja þetta kort er til og umræður um hvað er hægt að gera vegna skoðunar á fjölskyldubíl hjá Frumherja. Það er komin lausn á þessu. Þeir fá sér skoðunarkort sem gildir í nokkuð mörg ár.

-Umræður um risa þrif í Hlíðasmára. Tilboð kom frá Dögum upp á 290.000kr. Okkur langar til að kanna með frekari tilboð, sjá hvort er hægt að gera þetta hagkvæmara.

-Kjörnefnd, Gunnar prestur, Gunnar Pállsson, Gunnar Rafvirki hjá Árvirkjanum. Hún er virk og kemur til með að sjá um sín verkefni. Bjarni talar við þá og kannar hvort þeir eru ekki klárir til starfa.

-Umræður um skoðunarskýrslu frá Brunaeftirliti um Esjumela síðan 2017. Þar er helst talað um ÚT ljós. Gunnar rafvirki tekur það að sér.

-Bjarni talar um bréf sem sent var á Boðunarkirkjuna síðan 2002, fyrri eigandi Hlidarsmara 9. Þar er talað um að 50 manns sé hámarks fjöldi í sal. Klárt mál að þetta húsnæði hentar okkur ekki.

-Bjarni talar um að birta fundargerðir á netinu.

-Ómar talar um skráningu „raunvörulega eigendur“ félagasamtaka. Ómar leggur tillögu um að skrá þetta hjá skattinum. Ómar leggur til að skráðir verði fjórir nýlega kostnir stjórnarmenn sem raunvörulegir eigendur. Allir eru sammála því.

Gesta bók verði sett upp til að menn skrái sína mætingu í gestabók við til að fá mætingu. Allir eru sammála því. Við leysum þetta.

-Allir eru sammála því að skipta með okkur rúntum.

-Ferli með nýja félagi á nýrri heimasíðu, þegar nýr félagi skráir sig fær formaður póst og gjaldkeri. Formaður áframsendir síðan póst á ritara og hann sér um SMS skrá.